



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um breytingar á húsnæði leigjenda Félagsbústaða og bætt aðgengi þegar fötlun fólks eykst

Þann 30. ágúst 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um breytingar á húsnæði leigjenda Félagsbústaða og bætt aðgengi þegar fötlun fólks eykst:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hver afstaða Félagsbústaða sé til þess að koma til móts við breytingar á húsnæði og bæta aðgengi þegar fötlun fólks eykst. Í fjölmiðlum í sumar var til umfjöllunar mál er varðaði einstakling sem leigir íbúð hjá Félagsbústöðum. Viðkomandi einstaklingur sem vegna sjúkdóms og fötlunar hafði ítrekað dottið og slasað sig vegna skorts á hjólastólaaðgengi í íbúðinni og hefur viðkomandi leigjandi t.d. ekki komist á salerni nema að skríða þangað. Samkvæmt fréttáflutningi telja Félagsbústaðir ekki réttlætanlegt að laga íbúðina að þörfum einstaklingsins og vilja að hann flytji. Í þessu tilfelli flytja á milli hverfa og langt frá þjónustu og tengslaneti. Flokkur fólksins spyr því hvort þetta sé almenn regla þ.e. að fatlaðir einstaklingar þurfi að flytja búferlum þegar fötlun þeirra eykst?

Svar:

Ef aðstæður fatlaðs leigjanda breytast þannig að íbúðin sem viðkomandi er með í leigu hentar ekki lengur er almenna reglan sú að hvert mál fyrir sig er skoðað. Sé ósk viðkomandi að færa sig um set þá sækir leigjandi um milliflutning. Mismunandi er hve langur tími líður frá umsókn þar til íbúð sem hentar þörfum viðkomandi er tiltæk. Vilji viðkomandi helst búa áfram í íbúðinni er lagt mat á hvort og hvernig sé hægt að breyta íbúðinni þannig að það mæti þörfum leigjandans, kostnaður metinn og hvort breytinga í sameign er þörf.

Sé um tiltölulega einfaldar breytingar innan íbúðar að ræða og fyrirsjáanlegt að þær muni mæta þörfum viðkomandi til framtíðar eru þær framkvæmdar. Í sumum tilvikum þarf að gera umfangsmiklar breytingar bæði innan dyra og í sameign. Slík mál eru einnig skoðuð og þá í samhengi við almenna viðhaldsþörf innan íbúðarinnar og hversu vel íbúðin hentar viðkomandi einstaklingi. Sé þörf á breytingum í sameignum er eftir eðli máls óskað eftir því við húsfélagið að þær breytingar sem til þarf verði framkvæmdar.